



ÞEKKINGARSETUR
VESTMANNAEYJA
rannsóknir - menntun - nýsköpun

Ársfundur stofnaðila 15. júní 2009



ÁRSSKÝRSLA 2008

Þekkingarsetur Vestmannaeyja

ÁRSSKÝRSLA 2008

Forsíðumynd: Páll Marvin Jónsson
Aðrar myndir: Páll Marvin Jónsson, Kristján Egilsson,
Annika Firmenich ofl.
Kort: Lovísa Ásbjörnsdóttir

FORMÁLI.....	4
STOFNUN	4
VETTvangur fyrir samstarf	4
SÆHEIMAR, sjávarrannsóknamiðstöð	4
Fjölbreytt starfsemi	4
TILgangur og markmið.....	5
TILgangur.....	5
MARKMIÐ	5
STJÓRN	5
STOFNAÐILAR	5
STARFSFÓLK.....	6
FJÁRMÁL.....	7
SKÝRSLA STJÓRNAR	7
REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2008	7
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR	7
STARFSEMIN	8
FUNDIR FORSTÖÐUMANNA	8
ÞJÓNUSTUSKRIFSTOFA	8
HANDRITIN HEIM.....	8
LUNDINN.....	9
SURTSEYJARSTOFA	9
SÆHEIMAR, sjávarrannsóknamiðstöð	10
SJÖUNDA RANNSÓKNÁÆTLUN ESB.....	12
HEIMASÍÐA (WWW.SETUR.IS).....	12
ÖNNUR TENGD VERKEFNI.....	12
LOKAORÐ.....	14
VIÐAUKI - SAMÞYKKTIR.....	15

FORMÁLI

STOFNUN

Bekkingarsetur Vestmannaeyja var stofnað þann örlagaríka dag 23. janúar 2008 En þann dag árið 1973 hófst gosið í Heimaey. Þekkingarsetrið hefur því aðeins starfað í eitt ár en það byggir á grunni Rannsókn- og fræðaseturs Vestmannaeyja sem stofnað var árið 1994, sem þá var eitt fyrsta rannsóknasetur á landsbyggðinni. Tilgangurinn með stofnun Þekkingarsetursins var fyrst og fremst að efla rannsókn- og fræðastarf í Vestmannaeyjum og þannig færa vísindi og háskólakennslu nær atvinnulífinu á svæðinu.

VETTvangur fyrir samstarf

Eyjarnar eru byggðar upp á grunnatvinnuvegum þjóðarinnar, fiskveiðum og fiskvinnslu. Eyjamenn hafa með dugnaði og útsjónarsemi staðið vörð um sjávarútveginn í Eyjum sem hefur gert það að verkum að sveitarfélagið hefur haldið velli sem eitt af þremur stærstu sjávarútvegsplássum á landinu. Niðurskurður á þorskkvóta, loðnubrestur og sýking hluta síldarstofnsins hafa hinsvegar dunið yfir sjávarútveginn á undanförunum tveimur árum. Þessar þrengingar hafa leitt til þess að fyrirtækin hafa leitað nýrra leiða til að nýta fjárfestingar og mannskap og um leið skapa tekjur fyrir land og þjóð. Slíkar tilraunir geta verið kostnaðarsamar fyrir fyrirtækin en geta skapað ný sóknarfæri líkt og tilraunaveiðarnar á gulldeplu hafa gert.

Hlutverk Þekkingarsetursins er m.a. að styðja við bakið á rannsóknum og nýsköpun í sjávarútvegi og um leið að vera vettvangur fyrir samstarf milli atvinnulífsins í Eyjum og rannsóknar- og fræðslustofnanir á landsvísi. Niðurstöður ráðstefnu sem haldin var á vegum Þekkingarsetursins 8. maí s.l. "Þátttaka atvinnulífsins í rannsóknum og nýsköpun í sjávarútvegi" gáfu til kynna að mikill vilji er til þess að bæta samstarf þessara aðila í þeim tilgangi að auka skilvirkni rannsókna og um leið auka arðsemi sjávarútvegsins.

SÆHEIMAR, SJÁVARRANNSÓKNAMÍÐSTÖÐ

Á síðasta ári voru uppi áform um að byggja nýja sameiginlega aðstöðu fyrir Þekkingarsetrið og Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja á svæðinu sunnan við smábátahöfnina. Töluverða vinnu var búið að leggja í undirbúning þegar fjármálamarkaðir hrundu og



fjármögnun verkefnisins reyndist ómöguleg. Leita varð nýrra leiða til að halda áfram uppbyggingu á starfsemi Setursins enda aðstöðuleysi búið að hrjá starfsemina undanfarin ár. Sú lausn sem liggur nú fyrir til að bæta aðstöðuna og leggja grunn að frekari uppbyggingu á starfseminni er ásættanleg miðað við það umhverfi sem við búum við í dag. Búið er að taka á leigu 400 m² húsnæði í norðurhluta efri hæðar í húsnæði Miðstöðvarinnar við Strandveg þar sem byggð verður upp sjávarrannsóknamiðstöð með áherslu á atferlissannsóknir, tilraunir ýmiskonar og verklega kennslu. Fyrirhugað er að nýta aðstöðuna fyrir rannsóknastofnanir Þekkingarsetursins og fyrir nemendur á háskólastigi og nemendur í grunn- og framhaldsskólum landsins. Aðstaðan að Strandvegi 50 verður áfram hugsuð fyrir skrifstofur, fyrirlestrarsali, rannsóknarstofur og lesstofur og stefnt er að því að notfæra sér forkaupsrétt á fyrstu hæð hússins, þar sem nú er ÁTVR til húsa. Með þessum breytingum tekst vonandi að skapa frjótt rannsóknsumhverfi og gera Vestmannaeyjar leiðandi í rannsóknum tengdum lífríki sjávar og sjávarútvegnum á landsbyggðinni.

FJÖLBREYTT STARFSEMI

Þó að sjávarútvegurinn og lífríki sjávar skipi stóran sess í starfsemi Þekkingarsetursins eru fleiri verkefni sem koma við sögu. Þann 9. febrúar s.l. var haldinn kynningarfundur á vegum Þekkingarsetursins sem bar heitið "Stefnumót atvinnulífs og Þekkingarseturs". Á stefnumótinu kom fram að verkefni sem unnin eru innan Þekkingarsetursins eru fjölmörg og viðfangsefni fjölbreytt. Yfir fjörutíu verkefni eru í vinnslu eða undirbúningi innan Setursins miðað við upptalningu á helstu verkefnum stofnananna á fundinum. Markmiðið með stefnumótinu var að kynna þá starfsemi sem fram fer í Þekkingarsetrinu og opna á nýja samstarfsfleti milli Þekkingarseturs og atvinnulífsins. Þetta er mikilvægur þáttur í starfi rannsókn- og háskólastofnananna þar sem nauðsynlegt er að starfsemin sé í takt við atvinnulífið og þjóni þörfum þess en ekki öfugt.

Miklar breytingar hafa orðið á þjóðfélaginu á undanförunum mánuðum og búast má við að fjármagn til rannsókna og nýsköpunar verði skorið niður sökum þeirrar fjármálakreppu sem er í landinu. Á sama tíma mun samkeppnin um þetta fjármagn aukast og meiri krafa verða gerð til árangurs. Það er því nú sem aldrei fyrr nauðsynlegt að Þekkingarsetrið starfi í góðri samvinnu við atvinnulífið í Eyjum og jafnframt skapi grundvöll fyrir heimamenn til að mennta sig í takt við kröfur þjóðfélagsins.

TILGANGUR OG MARKMIÐ

Stofnunin heitir Bekkingarsetur Vestmannaeyja ses. og er sjálfseignarstofnun sem rekur rannsókn- og fræðasetur í Vestmannaeyjum. Heimilisfang stofnunarinnar er að Strandvegi 50, Vestmannaeyjum.

TILGANGUR

Samkvæmt 2. grein í Samþykktum Bekkingarsetursins er tilgangur Bekkingarseturs Vestmannaeyja að stuðla að aukinni almennri þekkingu og fjölbreytni atvinnulífs í Vestmannaeyjum með fræðslustarfi, eflingu háskólamenntunar, vísindarannsóknum og nýsköpun.

MARKMIÐ

Til að ná tilgangi starfseminnar samkvæmt samþykktum eru eftirfarandi markmið sett fram:

- Vera miðstöð öflugrar rannsókn- og þróunarstarfsemi í Vestmannaeyjum
- Efla samstarf milli fyrirtækja og mennta- og rannsóknastofnana í Vestmannaeyjum, innanlands og utan, um verkefni á sviði nýsköpunar og rannsókna.
- Þjóða framúrskarandi rannsóknaaðstöðu og aðstoð við innlenda og erlenda nemendur og vísindamenn.
- Þjóða fullkomna aðstöðu fyrir símenntun og fullorðinsfræðslu í Vestmannaeyjum.
- Þjóða fyrirmyndar aðstöðu til vettvangsnáms og fjarnáms fyrir háskólanemendur.
- Stuðla að miðlun þekkingar til almennings, háskólanema og sérfræðinga, m.a. með því að halda ráðstefnur og námsskeið og gefa út fræðslu- og rannsóknarit.
- Fjölga stofnunum og fyrirtækjum í þekkingarsetrinu og hafa frumkvæði að þróun samstarfsverkefna sem þeim tengjast.
- Hafa frumkvæði að rannsókn- og þjónustuverkefnum á sérsviði Setursins, svo sem við stofnun miðstöðvar sem annast rannsóknir á lífríki sjávar, mat á umhverfisáhrifum og þróunarverkefni í vinnslu matvæla í Vestmannaeyjum.
- Kynna starfsemi þekkingarsetursins út á við og afla fjármagns og samstarfsaðila innanlands og utan.
- Taka mið af sérstöðu byggðalagsins til rannsókna á lífríki sjávar og á náttúru í og umhverfi Vestmannaeyja.
- Vinna með stofnunum og fyrirtækjum þekkingarsetursins að þróun og eflingu þeirrar starfsemi sem þar er stunduð.



STJÓRN

Kosning stjórnar fór fram á stofnfundi Setursins þann 27. janúar 2008. Í stjórn eru eftirfarandi aðilar:

- Elliði Vignisson, formaður stjórnar
- Arnar Sigurmundsson, varaformaður
- Ingi Sigurðsson
- Jóhann Sigurjónsson
- Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson
- Sjöfn Sigurgísladóttir
- Rögnvaldur Ólafsson

Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri mynda framkvæmdaráð.

Samþykktir þekkingarsetursins má finna í viðauka.

STOFNAÐILAR

Alls eru 36 fyrirtæki og stofnanir stofnaðilar að þekkingarsetri Vestmannaeyja og verður því að segjast að vel hafi tekist til við stofnun félagsins. Stofnfé félagsins nam alls 7,7 milljónum. Hér að neðan eru stofnaðilar listaðir upp í stafrófsröð.

- Bergur ehf.
- Dala-Rafn ehf.
- Drífandi stéttarfélag
- Fjöltækniskóli Íslands
- Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
- Glitnir - banki hf.
- Gæfa ehf.
- Hafrannsóknastofnunin
- Háskólinn á Akureyri
- Háskólinn á Bifröst
- Háskólinn á Hólum
- Háskólinn í Reykjavík
- Hitaveita Suðurnesja hf.
- Hí stofnun fræðasetra
- Huginn ehf.

- Iðnaðarráðuneytið
- Ísfélag Vestmannaeyja hf.
- Kennaraháskóli Íslands
- Kæja ehf.
- LÍÚ
- Matís ohf.
- Náttúrustofa Suðurlands
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Ós ehf.
- Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja ehf.
- Reykjavíkur Akademían
- Samtök Sveitarfélaga á Suðurlandi SASS
- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
- Sparisjóður Vestmannaeyja
- Stígandi ehf.
- Tölvun ehf.
- Ufsaberg ehf.
- Vestmannaeyjabær
- Vinnslustöðin hf.
- Vinnumálastofnun
- Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð

STARFSFÓLK

Við Þekkingarsetrið starfar framkvæmdastjóri og tveir starfsmenn á þjónustuskrifstofu. Starfsmenn í verkefnatengdri vinnu eru þrír.

Páll Marvin Jónsson
Framkvæmdastjórn



Margrét Hjálmarsdóttir
*Þjónustuskrifstofa
Bókhald*



Ester Garðarsdóttir
*Þjónustuskrifstofa
Þjónustufulltrúi*



Margrét Lilja Magnúsdóttir
*Verkefnastjórnun
CRUSTASEA
Móttökustöð sjávardýra
Pysjueftirlitið
ISDIVE*



Kári Bjarnason
*Verkefnastjórnun
Handritin Heim*



Haraldur Halldórsson
*Tæknivinna og aðstoð
Handritin Heim*



STOFNANIR

Eftirfarandi stofnanir starfa nú innan þekkingarseturs Vestmannaeyja:

- Atvinnuþróunarfélag Suðurlands
- Hafrannsóknarstofnunin
- Háskóli Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Náttúrustofa Suðurlands
- ¹Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja
- Matís ohf.
- Vinnumálastofnun
- Viska
- Surtseyjarstofa

¹Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur aðsetur utan þekkingarsetursins en tekur annars þátt í samstarfi stofnanna innan þekkingarsetursins. Forstöðumaður NMÍ í Vestmannaeyjum situr t.d. á fundum forstöðumanna.

FJÁRMÁL

Eftirfarandi gögn eru fengin úr ársreikningi þekkingarseturs Vestmannaeyja.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Ársreikningur þekkingarseturs Vestmannaeyja ses fyrir árið 2008 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hagnaður þekkingarseturs Vestmannaeyja á árinu 2008 nam kr. 10.648.542 Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 34.904.349, bókfært eigið fé í árslok er kr. 18.348.542 og er eiginfjárhlutfall félagsins 53%. Í lok ársins voru stofnaðilar í félaginu 35 en félagið var stofnað á árinu.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra þekkingarseturs Vestmannaeyja að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri þekkingarseturs Vestmannaeyja staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Vestmannaeyjar, 8. Júní 2009.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2008

	Skýr.	2008
Rekstrartekjur		23.499.789
Aðrar tekjur		9.183.664
Handritin heim		(3.367.538)
Laun og annar starfsmannak.	4	(8.753.075)
Sjávarrannsóknarmiðstöð		(48.647)
Skrifstofu- og stjórnunark.		(1.905.005)
Annar rekstrarkostnaður		(8.722.564)
Rekstrarhagnaður		9.886.624
Fjármunatekjur	5	1.047.320
Fjármagnsgjöld	6	(285.402)
Hagnaður ársins		10.648.542

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

	Skýr.	2008
Eigið fé	9	
Hlutfé		7.700.000
Óráðstafað eigið fé		10.648.542
		18.348.542
Langtímaskuldir og skuldb.		
Aðrar skuldbindingar	22	15.000.000
		15.000.000
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	10	963.133
Aðrar skammtímaskuldir	10	592.674
Skuldir		16.555.807
Eigið fé og skuldir		34.904.349

Ársreikningurinn í heild sinni er lagður fyrir ársfund félagsins.



STARFSEMIN

FUNDIR FORSTÖÐUMANNA

Á árinu voru haldnir sjö forstöðumannafundir þar sem framkvæmdastjóri kynnti forstöðumönnum áætlanir stjórnar þekkingarsetursins ásamt því að rædd voru samstarfsverkefni, hugmyndir að nýjum verkefnum og ýmis mál er varða starfsemi þekkingarsetursins. Umræður um stöðu mála varðandi nýbyggingu og stækkun á aðstöðu voru fyrirferðamiklar enda mikilvægt að vandað verði til verka er kemur að uppbyggingu á aðstöðu og starfsemi þekkingarsetursins.

ÞJÓNUSTUSKRIFSTOFA

Opnunartími þjónustuskristofu þekkingarsetursins var lengdur og Ester Garðarsdóttir ráðin sem þjónustufulltrúi á móti Margréti Hjálmarsdóttur sem jafnframt sinnir bókhaldi fyrir þekkingarsetrið og verkefnum tengdum því. Opnunartími skrifstofunnar er nú frá kl. 8:00 til kl. 17:30 og opið er í hádeginu. Þessi breyting var gerð til að efla þjónustuna við stofnanir innan Setursins og til þess að skrifstofan geti tekið á móti nemendum sem sækja námskeið Visku sem hefjast í lok vinnudags.

HANDRITIN HEIM

Þekkingarsetur Vestmannaeyja tók yfir rekstur verkefnisins Handritin heim í júlí 2008 eða þegar starfsár verkefnisins var hálfnað. Verkefnið hófst árið 2007 og lauk sínu öðru starfsári í desember 2008. Áætlað er að verkefnið starfi í fjögur ár. Verkefnið er að stærstum hluta fjármagnað í gegnum fjárlög ríkisins en einnig með umsóknum í hina ýmsu samkeppnissjóði.

MEGINÁHERSLUR ÁRSINS 2008 VORU:

1. Að finna, skrifa upp, rannsaka, velja úr, draga fram nótur og lagboða, skanna inn myndir sem tengjast og kynna með öllum mögulegum hætti kveðskap séra Jóns Þorsteinssonar píslarvotts. Verkinu hefur miðað vel áfram og má því til sönnunar benda á að verkefnastjóri hefur hlotið rannsóknastyrk úr Fræðiritahöfundasjóði á árinu 2008. Hann mun nýta styrkinn til að ljúka við rannsóknir sínar og búa jafnframt út heildarútgáfu á kvæðum séra Jóns á árinu 2009.
2. Að kynna verkefnið með því að taka virkan þátt í viðburðum og fræðilegri uppbyggingu í Vestmannaeyjum.

3. Að vinna að undirbúningi samstarfssamnings við ReykjavíkAkademíuna sem mun stórefla menningarlíf í Vestmannaeyjum.
4. Að draga fram allt efni úr handritum sem tengist Suðurlandi, og Vestmannaeyjum sérstaklega, og greina hvað af því er áður óþekkt.
5. Að rita upp í heild sinni valin handrit sem tengjast Vestmannaeyjum sérstaklega.
6. Að taka saman upplýsingar um staði og einstaklinga sem tengjast einstökum handritum.

VIÐBURÐIR

Handritin heim verkefnið kom að og stóð fyrir fjölmörgum viðburðum sem áttu sér stað í Vestmannaeyjum á árinu 2008.

1. júní. Byggðasafn Vestmannaeyja. Verkefnastjóri flutti kynningu á áður óþekktum handritum frá Vestmannaeyjum frá 17. öld.

18.-20. júlí. Minningardagar um Tyrkjaránið 1627. Verkefnastjóri flutti erindi og kynningar.

17.-19. október. Ráðstefna í Vestmannaeyjum í umsjón Söguseturs 1627 en í samstarfi við Handritin heim. Um er að ræða alþjóðlega ráðstefnu ýmissa helstu fræðimanna á sviði „Tyrkjarána“. Verkefnastjóri flutti erindi á ráðstefnunni um handritaaúð landsbyggðarinnar.

29. desember. „Fagníð nú jóla fögru nátt“. Hátíðartónleikar með fræðilegu spjalli verkefnastjóra og Báru Grímsdóttur tónskálds. Kynntar voru söngperlur séra Jóns Þorsteinssonar.

Gerður var samningur við fyrirtækið Smartmedia um hönnun og uppsetningu á leitar- og upplýsingavef fyrir



Handritin heim. Áætlað er að opna vefinn haustið 2009.

FJÖLMARGIR AÐILAR HAFA KOMIÐ AÐ VERKEFNINU Á ÁRINU:

- Kári Bjarnason verkefnastjóri, í 20% starfi.
- Haraldur Halldórsson, í 100% starfi.
- Ólafur Jakobsson, í 40% starfi.
- Viktor Jónsson vann í hlutastarfi mánuðina júní, júlí og ágúst.
- Gunnar Stefánsson vann í hlutastarfi mánuðina júní, júlí og ágúst.
- Jóhanna Lilja Eiríksdóttir, vann sem verktaki mánuðina júní, júlí og ágúst.
- Fræðimenn innan ReykjavíkurAkademíunnar, verktakavinna nóv. og des.

LUNDINN

SAMBÝLI MANNS OG LUNDA

Föstudaginn 7. nóvember 2008 var sýningin „Samspil manns og lunda“ opnuð á Náttúrugripa- og fiskasafni Vestmannaeyja. Sýningin var sett upp af Kristjáni Egilssyni, forstöðumanni safnsins. Sýningin fjallar um lunda og þátt hans í samfélaginu í Eyjum. Þekkingarsetur Vestmannaeyja tók virkan þátt í uppsetningu sýningarinnar og lagði til gögn og niðurstöður rannsókna sem koma fram í sýningunni.

SAMKEPPNI

Vorið 2008 fór fram samkeppni meðal grunnskólabarna í Vestmannaeyjum um hönnun á aðstöðu til að halda lifandi pysjur í Náttúrugripa- og fiskasafni Vestmannaeyja. Hugmyndaauði krakkanna var ótrúleg og frábærar hugmyndir bárust í samkeppnina. Sparisjóður Vestmannaeyja veitti verðlaun í samkeppninni en hann er einnig styrktaraðili pysjueftirlitsins. Verðlaunin voru veitt



þann 7. nóvember s.l. við opnun sýningarinnar „Sambyli manns og lunda“ í Náttúrugripa- og fiskasafni Vestmannaeyja.

Að samkeppninni stóðu Náttúrugripa- og fiskasafn Vestmannaeyja, Þekkingarsetur Vestmannaeyja og Sparisjóður Vestmannaeyja.

PYSJUSKRÁNING

Vefsíðan lundi.is er síða sem heldur utan um ýmsan fróðleik varðandi lundann. Upphaflega var síðan opnuð í þeim tilgangi að annast skráningu á pysju í gegnum PYSJUEFTIRLITIÐ en hefur nú fengið víðtækara hlutverk þó svo að pysjuskráningin sé í fyrirrúmi.

Pysjueftirlitið var sett af stað árið 2003 af rannsóknarstofnunum Setursins og Náttúrugripa- og fiskasafni Vestmannaeyja. Gögnum um tímasetningu á komu fyrstu pysjanna, ástand og fjölda hefur því verið safnað í alls sex ár. Þessi gögn eru öll aðgengileg á vefsíðunni www.lundi.is. Verkefnið hefur öll þau ár sem það hefur starfað verið styrkt af Sparisjóði Vestmannaeyja.

SURTSEYJARSTOFA

Þann 14. nóvember 2008, voru liðin 45 ár frá því að Surtsey reis úr sæ. Skipsverjar á Ísleifi II frá Vestmannaeyjum urðu fyrstir varir við neðansjávargos, 18 km suðvestur af Heimaey. Gosið hófst á 400 m langri gossprungu á um 130 m dýpi. Þann 15. nóvember, hafði myndast um 140 metra hátt eldfjall út frá gossprungunni sem náði 10 m upp yfir yfirborð sjávar. Það var vel við hæfi að hefja starfsemi Surtseyjarstofu í Vestmannaeyjum á 45 ára afmælinu en gosið varð jafnframt lengsta eldgos Íslandssögunnar, en því lauk 5. júní 1967.

Starfsmaður Umhverfisstofnunar í Vestmannaeyjum og sérfræðingur friðlands Surtseyjar er Lovísa Ásbjörnsdóttir

jarðfræðingur. Lovísa hóf störf hjá Umhverfisstofnun vorið 2008 og er með starfsstöð í Þekkingarsetri Vestmannaeyja.

SÆHEIMAR, SJÁVARRANNSÓKNAMIÐSTÖÐ

Líkt og fram kemur í formála voru á síðasta ári uppi áform um að byggja upp sameiginlegt Þekkingarsetur og fiska og náttúrugripasafn á hafnarvæðinu sunnan smábátahafnarinnar. Þar sem að ekki er hægt að réttlæta svo kostnaðarsama framkvæmd í dag hefur verið ákveðið að leiga aðstöðu fyrir Sjávarrannsóknamiðstöð Vestmannaeyja í aðstöðu Miðstöðvarinnar við Strandveg.

FYRIR HVERJA

SÆHEIMAR, sjávarrannsóknamiðstöð er hugsuð til rannsókna á sjávarfangi eða sjávartegundum ásamt því að hafa möguleika til að taka á móti nemendum og nemendahópum. Fyrirhugað er að koma upp grófri kennsluáðstöðu og vistarverum fyrir vísindamenn eða nemendur sem vinna að verkefnum í tengslum við Sæheima.

Fjölmargar stofnanir innan Þekkingarsetursins koma væntanlega til með að nýta sér aðstöðuna en þar má nefna m.a.; Hafrannsóknastofnunin, Matís, Háskóli Íslands, Náttúrustofa Suðurlands og Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja. Aðstaðan verður einnig aðgengileg fyrir nemendur og kennara Framhaldsskóla Vestmannaeyja og Grunnskóla Vestmannaeyja.

Áætlað er að öll verkefni greiði fyrir afnot af aðstöðunni. Mikilvægt er því að aðstaðan sé vel tækjum búin og gefi vísindamönnum tækifæri til að sækja um fjármagn og styrki til að vinna verkefni í aðstöðunni.

RANNSÓKNAEININGAR


Gert er ráð fyrir að rannsóknaraðstaðan samanstandi af nokkrum rannsóknareiningum sem gefa kost á fjölbreyttri rannsóknarstarfsemi. Aðstaðan mun því innihalda ker fyrir seiði, ungvíði/smáfisk, tilraunaker, geymslukur fyrir klakfisk, tanka fyrir atferlisathuganir og aðstöðu fyrir rannsóknir á krabbadýrum og humri.

Aðstaðan er á annarri hæð og verða fyrst í stað um 400 m² teknir á leigu. Heildar gólfplötur hæðarinnar er þó um 800m² og því svigrúm til að stækka aðstöðuna ef því er að skipta. Hægt er að nýta þakið á norðurhúsinu fyrir útiker en þá eru þau ker á annarri hæð en undir berum himni. Einnig eru hugmyndir uppi um að reisa stóran tank til atferlisrannsókna í rampi við vesturhluta hússins.

SJÓHOLUR

Þrjár holur eru við norður hluta hússins og voru tvær holur kannaðar. Holurnar eru misdjúpar og virðist það hafa talsverð áhrif á sjóinn í holunum. Vestur holan er tæpir 6 m að dýpt, þ.e frá botni holu og að götuhæð. Austur holan er um 10 m að dýpt. Hita og seltumælingar úr holunum má sjá í töflu hér að neðan.

Sjóhola	Dýpt	Meðalhiti	Hiti frá – Selta til	
Austur hola	9,9 m	10,8°C	9,8 til 11,8°C	29‰
Vestur hola	5,9 m	9,7°C	9,6 til 9,8°C	23‰



Nokkrar hitasveiflur voru í holunum sem tengdust greinilega sjávarföllum í vestur holunni. Mun meiri sveifla var í austur holunni og sveiflan ekki eins regluleg. Til að fá rétta mynd af bæði seltu og hita þarf að dæla mun lengur úr holunum en ekki er líklegt frávik verði mikil. Þó má reikna með því að hitastigið muni sveiflast í báðum holum með sjávarföllum og einnig eitthvað með árstíðum.

FJÁRMÖGNUN

Tekjur til Sæheima koma annarsvegar frá ríkissjóði vegna niðurskurðar á þorskvóta, frjálsum framlögum og útseldir aðstöðu til ýmissa rannsóknarstofnanna. Stofnkostnaður og rekstur hefur verið tryggður fyrstu tvö starfsárin.

GRUNNBÚNAÐUR

Töluverð vinna hefur verið lögð í að finna búnað til uppsetningar í aðstöðunni. Fjárfest hefur verið t.a.m. í eldisbúnaði frá tilraunaeldisstöð á hlýra sem Síldarvinnslan rak á Neskaupsstað. Búnaðurinn var vel með farinn og hentar vel til þeirra verkefna sem áformað er að ráðast í Sæheimum.

Töluvert af búnaði á þó eftir að finna en stefnt er að fjármagna þann búnað að hluta í gegnum samkeppnissjóði og framlög fyrirtækja.

RANNSÓKNIR Í NÝRRI AÐSTÖÐU


Eftirfarandi rannsóknir bíða eftir því að fara af stað í aðstöðunni:

Rannsóknir á sandsíli (*Ammodytes marinus*) hafa verið stundaðar við Þekkingarsetrið undanfarin ár og framundan er að gera tilraunir í búrum á sandsílum með það að markmiði að kanna atferli sílisins og áhrif umhverfis á klak.

Mótökustöð lifandi sjávardýra. Eðli móttökustöðva fyrir lifandi sjávardýr er að geta geymt dýrin án þess að þau tapi gæðum þar til markaðsaðstæður og eftirspurn henta og verð eru hagstæð. Tegundirnar sem unnið verður með fyrst í stað er Leturhumar (*Nephrops norvegicus*) og öðuskel (*Modiolus modiolus*). Aðrar tegundir eru kræklingur (*Mytilus edulis*), kúfiskel (*Arctica islandica*), hörpudiskur (*Chlamis islandica*) og beitukóngur (*Buccinum undatum*) ásamt tegundahópum eins og sæbjúgum og marglyttum.

CRUSTASEA. Þekkingarsetrið er þáttakandi í Evrópsku samstarfsverkefni sem nefnist CrustaSea. Markmið þess er að skoða bestu leiðir við veiðar, meðhöndlun og flutning á krabbadýrum fyrir lifandi markað. Þáttur íslendinganna er að skoða þessa þætti fyrir leturhumar (*Nephrops norvegicus*).

Kortlagning líffræðilegs fjölbreytileika þorsks með áherslu á atferli í tengslum við æxlun og far. Markmið verkefnisins



er að auka skilning á þáttum sem hafa áhrif á hrygningu, klak og nýliðun þorsksins.

SJÖUNDA RANNSÓKNAÁÆTLUN ESB

Þann 8. janúar 2009 stóð Þekkingarsetur Vestmannaeyja í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Suðurlands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands fyrir námskeiði um umsóknarferli Sjöundu Rannsóknáætlunar ESB. Kennari var Dr. Sigurður G. Bogason en hann þekkir vel til atvinnulífsins í Vestmannaeyjum og starfar sem framkvæmdastjóri hjá MarkMar ehf. sem er rannsóknafyrirtæki sem veitir þjónustu við gerð umsókna.

Markmið námskeiðsins var fyrst og fremst að hvetja stofnanir og starfsmenn innan Þekkingarsetursins til þátttöku í verkefnum tengdum Evrópu.

HEIMASÍÐA (WWW.SETUR.IS)

Í júlí 2008 var hafinn vinna við uppsetningu á nýrri heimasíðu fyrir Þekkingarsetrið. Ákveðið var að síðan héldi sama léni og Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja var með eða www.setur.is. Síðan inniheldur upplýsingar um allar stofnanir innan Þekkingarsetursins og starfsfólk Setursins og stofnanna þess. Heimsókn inn á síðuna á að gefa glöggva mynd af þeirri starfsemi sem þar fer fram hverju sinni. Frá heimasíðunni er hægt að tengjast fjölmörgum síðum sem tengjast starfi Setursins, þ.e. heimasíðum stofnanna/félaga og verkefnatengdar síður.

ÖNNUR TENGD VERKEFNI

CRUSTASEA

”Development of Best Practice, Grading & Transportation Technology in the European Crustacean Fishery Sector”

Meginmarkmið verkefnisins er að þróa bestu mögulegu tækni við flokkun og flutning á lifandi krabbadýrum frá veiðum til markaðar í Evrópu. Um er að ræða viðamikil verkefni sem er styrkt af Evrópuráðinu og taka sextán fyrirtæki og rannsóknarstofnanir þátt í verkefninu. Þátttakendurnir koma frá átta löndum innan Evrópu.

Verkefninu er ætlað að minnka skelbrot í flutningi og meðhöndlun á lifandi krabbadýrum en í sumum tilvikum



hefur dánartíðni verið allt að 70-80% sökum slæmrar meðferðar. Hérlandis er útflutningur á lifandi leturhumri ennþá á tilraunastigi enda humarinn veiddur eingöngu í troll. Ýmislegt bendir þó til þess að hægt sé að flokka heilan humar úr trollinu og flytja út lifandi eða minnka skelbrotið töluvert. Þetta er auðvitað háð þáttum eins og togtíma, gerð trollsins og meðhöndlun um borð.

Tilraunaveiðar á humri í gildrur og þróun aðferða til að flytja humarinn lifandi á markað er stór þáttur í verkefninu.

Með því að þróa bestu mögulegu tækni og miðla henni til sjómanna og vinnslunnar ýtum við undir sjálfbæra nýtingu villtra stofna og aukum um leið arðsemi auðlindarinnar.

Áherslu punktar er varða verkefnið:


- Að minnka eða eyða afföllum og tapi á gæðum eftir veiðar og útvíkka markaðsmöguleika lifandi krabbadýrara.
- Bæta skilning á líffræðilegum þáttum sem hafa



áhrif á meðhöndlun, geymslu og flutning krabbadýra.

- Bæta skilning á tækni og hindrunum við meðhöndlun, geymslu og flutning lifandi krabbadýra.
- Bæta skilning á mörkuðum fyrir lifandi krabbadýr og þá þætti sem hafa áhrif gæði, ferskleika og verð vörunnar.
- Þróa flokkunartækni
- Þróa betri flutningsbúnað fyrir lifandi krabbadýr
- Þróa/aðlaga vatnshreinsibúnað til notkunar með flutningsbúnaði
- Minnka vatnsmagn í flutningum

Áætlað er að verkefninu ljúki í mars 2010 en þá á að vera búið að kynna sjómönnum og vinnslunni niðurstöður verkefnisins.



Íslands og Vestmannaeyjabæjar, Vikingtours og Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja. Verkefnið hefur fengið styrki frá Vaxtasamningi Suðurlands, Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands og frá Byggðastofnun vegna mótvægisáðgerða ríkisstjórnarinnar gegn niðurskurði á þorskvóta. Áætlað er að verkefninu ljúki á árinu 2009.


ISDIVE

ISDIVE verkefnið hefur það markmið að veita almenn köfunarþjónustu fyrir ferðamenn, setja upp almenn sportköfunarnámskeið og vinna að því að setja upp námskeið sem veita rannsóknar- og atvinnukafararéttindi.

Að verkefninu koma eftirtaldir aðilar: Köfunarþjónusta Adda, Hótel Þórshamar ehf., Samstarfsnefnd Háskóla

ÁHRIF FRAMBOÐS MARSÍLIS, LUNDAVEIÐA OG VEÐURFARSBREYTINGA Á STOFNSTÆRÐ LUNDA Í VESTMANNAEYJUM

Stærsta lundavarpstöð heimsins er í Vestmannaeyjum en þar verpur um 20% heimsstofnsins eða um 1.150.000 pör. Léleg nýliðun hefur orðið hjá lunda í Vestmannaeyjum þrjú



síðastliðin ár sem talið er orsakast af mikilli minnkun á marsílastofninum. Markmið þessara rannsókna er m.a. að lýsa stofngerð og breytingu á stærð sílastofnsins sem er mikilvæg fæðuuppspretta sjófugla, hvala og nytjafiska hérlendis og meta samband stofnstærðar sílastofnsins og nýliðunar lunda á svæðinu.

Hluti af verkefninu gengur út á að kortleggja búsvæði sílisins á um 500 km² svæði við Vestmannaeyjar. Á kortinu hér að ofan má sjá yfirlitsmynd yfir svæðið og hluta leiðarlína sem búið er að kortleggja.

Verkefnið hófs árið 2008 og er áætlað að því ljúki 2010. Að verkefninu koma Náttúrustofa Suðurlands, Hafrannsóknastofnunin, Samstarfsnefnd Háskóla Íslands og Vestmannaeyjabæjar, Háskóli Íslands, Náttúrugripa- og fiskasafn Vestmannaeyja og Náttúrufræðistofnun Íslands. Verkefnið er styrkt af RANNÍS með mótframlagi frá viðkomandi stofnunum. Heildarkostnaður við verkefnið er áætlaður um 56 milljónir.

HÁHYRNINGARANNSÓKNIR

Sumarið 2008 var Þekkingarsetur Vestmannaeyja í samstarfi við Háskólann í St Andrews (UK) og Háskólasetrið á Húsvík um rannsóknir á háhyrningum við Vestmannaeyjar. Markmið verkefnisins var að öðlast dýpri þekkingu á háhyrningum við Ísland. Háhyrningar eru mög algengir við vestmannaeyjar en rannsóknir á þeim eru mjög takmarkaðar.

Megin markmið verkefnisins var að:

- Byggja upp gagnabanka með ljósmyndum til að greina á milli einstaklinga.
- Rannsaka atferli þeirra og samskiptatækni.

Áframhaldandi vinna verður við verkefnið sumarið 2009.

LOKAORÐ

Ársskýrsla þessi á að gefa nokkuð glöggva mynd af starfsemi Þekkingarseturs Vestmannaeyja á árinu 2008. Stiklað er á stóru varðandi helstu verkefni og alveg látið vera að nefna einstök verkefni stofnana innan Setursins sem eru ekki samstarfsverkefni.

Á fyrrihluta starfsársins 2009 hefur vinna við kynningar, ráðstefnur og málþing verið nokkuð áberandi en alls hafa þrír slíkir viðburðir verið haldnir:

Þann 9. febrúar 2009 stóð Setrið fyrir kynningarfundum sem bar heitið Stefnumót atvinnulífs og Þekkingarseturs. Stefnumótið fór fram í Alþýðuhúsinu og var markmiðið

með stefnumótinu að kynna þá starfsemi sem fram fer í Þekkingarsetrinu og opna á nýja samstarfsfleti milli Þekkingarseturs og atvinnulífsins.

Ráðstefnan „Þátttaka atvinnulífsins í rannsóknum og nýsköpun í sjávarútvegi“ var haldin 8. Maí 2009. Markmiðið var að leiða saman fulltrúa atvinnulífsins og fulltrúa rannsókna- og eftirlitsstofnanna í þeim tilgangi að ræða möguleika til frekara samstarfs milli þessara aðila

Málþing um auðlindastýringu og fyrningarleið ríkisstjórnarinnar var haldið í Höllinni í Vestmannaeyjum þann 4. júní 2009. Vel var mætt á málþingið eða um 200 manns.

Opnuð hefur verið heimasíða þar sem hægt er að nálgast umfjöllun um þessa viðburði: www.setur.is/radstefnur.

Góð reynsla hlaut af framkvæmd þessara viðburða og mældust þeir almennt mjög vel fyrir.

Áframhaldandi vinna er við uppsetningu Sæheima og fyrir liggur að ráða verkefnastjóra og umsjónarmann til að vinna við framkvæmdina. Aðstaðan í Sæheimum á eftir að gjörbylta aðstöðu Þekkingarseturs Vestmannaeyja til tilrauna og rannsókna á lífríki sjávar og verkefnum tengdum sjávarútvegnum. Það er ósk mín að atvinnulífið í Eyjum taki þessari nýju aðstöðu vel og nýti þau tækifæri sem þar eru að finna í samstarfi við vísinda- og fræðimenn innan Þekkingarseturs Vestmannaeyja.

Páll Marvin Jónsson



Samþykktir fyrir

Þekkingarsetur Vestmannaeyja

1.gr.

Nafn og heimilisfang

Stofnunin heitir Þekkingarsetur Vestmannaeyja, (ÞSV) og er sjálfseignarstofnun sem rekur rannsókn- og fræðasetur í Vestmannaeyjum. Heimilisfang er að Strandvegi 50, Vestmannaeyjum.

2. gr.

Tilgangur

Tilgangur Þekkingarseturs Vestmannaeyja er að stuðla að aukinni almennri þekkingu og fjölbreytni atvinnulífs í Vestmannaeyjum með fræðslustarfi, eflingu háskólamenntunar, vísindarannsóknum og nýsköpun.

Eftirfarandi markmið eru sett fram til að ná yfirlýstum tilgangi með starfseminni:

Markmið Þekkingarseturs Vestmannaeyja eru að:

- a) Vera miðstöð öflugrar rannsókn- og þróunarstarfsemi í Vestmannaeyjum
- b) Efla samstarf milli fyrirtækja og mennta- og rannsóknastofnana í Vestmannaeyjum, innanlands og utan, um verkefni á sviði nýsköpunar og rannsókna.
- c) Bjóða framúrskarandi rannsókn aðstöðu og aðstoð við innlenda og erlenda nemendur og vísindamenn.
- d) Bjóða fullkomna aðstöðu fyrir símenntun og fullorðinsfræðslu í Vestmannaeyjum.
- e) Bjóða fyrirmyndar aðstöðu til vettvangsnáms og fjarnáms fyrir háskólanemendur.
- f) Stuðla að miðlun þekkingar til almennings, háskólanema og sérfræðinga, m.a. með því að halda ráðstefnur og námsskeið og gefa út fræðslu- og rannsóknarit.
- g) Fjölga stofnunum og fyrirtækjum í Þekkingarsetrinu og hafa frumkvæði að þróun samstarfsverkefna sem þeim tengjast.
- h) Hafa frumkvæði að rannsókn- og þjónustuverkefnum á sérsviði Setursins, svo sem; við stofnun miðstöðvar sem annast rannsóknir á lífríki sjávar, mati á umhverfisáhrifum og þróunarverkefnum í vinnslu matvæla í Vestmannaeyjum.
- i) Taka mið af sérstöðu byggðalagsins til rannsókna á lífríki sjávar og á náttúru í og umhverfi Vestmannaeyja.
- j) Vinna með stofnunum og fyrirtækjum Þekkingarsetursins að þróun og eflingu þeirrar starfsemi sem þar er stunduð.
- k) Kynna starfsemi Þekkingarsetursins út á við og afla fjármagns og samstarfsaðila innanlands og utan.

3. gr.

Stofnfé og ábyrgð

Þekkingarsetur Vestmannaeyja, sem er sjálfseignarstofnun starfar á grundvelli laga nr. 33/1999. Heildar stofnframlög í Þekkingarsetrinu er kr.7.700.000 – sjö milljónir tvöhundruð þúsund kr.- . Stofnanir, félög og

fyrirtæki sem í rekstri sínum fást við rannsóknir, fræðslu, nýsköpun eða þjónustu geta orðið aðilar að bekkingarsetrinu.

Bekkingarsetrið ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er það kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í Bekkingarsetri Vm. tilheyra stofnendum hennar.

4.gr.

Tekjur

Tekjur bekkingarsetursins auk vaxta af stofnframlagi, eru framlög aðila að ÞSV, opinber framlög, styrkir, tekjur af þjónustu og annað sjálfsaflafé. Tekjum og eignum bekkingar-setursins má eingöngu verja í samræmi við markmið þess.

5. gr.

Stjórn

Stjórn bekkingarsetursins skal skipuð sjö mönnum, sem eru fulltrúar mennta- og rannsóknastofnana, Vestmannaeyjabæjar og atvinnulífsins í Eyjum og skal samsetning hennar endurspegla aðild þessara stofnana, félaga og fyrirtækja að bekkingarsetrinu. Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs úr sínum hópi formann og varaformann sem jafnframt er ritari stjórnar.

Stjórnin er ábyrg gagnvart stofnaðilum um faglegt starf og rekstur bekkingarsetursins. og ber ábyrgð á virkum tengslum þess við rannsókn- og fræðastarfsemi eftir því sem við á. Stjórnin veitir prókúru umboð fyrir stofnunina og undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn bekkingarsetursins stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Hún skal sjá til þess að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Í framkvæmdastjórn eiga sæti formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri bekkingarsetursins.

6. gr.

Fundir stjórnar

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála.

Halda skal fundargerðarbók og skulu færðar í hana allar bókanir, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður funda stjórnar, framkvæmdastjórnar og ársfundar.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri getur krafist stjórnarfunda. Stjórnarfundi skal boða með tryggilegum hætti með a.m.k. 5 daga fyrirvara og er stjórnarfundur lögmætur ef meirihluti stjórnar mætir.

7. gr.

Framkvæmdastjóri

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra bekkingarsetursins og ákveður laun hans og starfskjör. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og vinnur samkvæmt samþykktum bekkingarsetursins, ráðningarsamningi og starfslýsingu. Hann framfylgir stefnu og ákvörðunum stjórnar. Hann annast daglegan rekstur bekkingarsetursins og fer jafnframt með fjármál og reikningshald þess í umboði stjórnar. Framkvæmdastjóri

undirbýr fundi í samráði við stjórnarformann og situr þá með málfrelsi og tillögurétti. Framkvæmdastjóri skal halda mánaðarlega fundi með forstöðumönnum innan bekkingarseturs.

8. gr.

Vísindaráð

Stjórn skal tilnefna sjö aðila til að sitja í vísindalegum ráðgjafahópi og eru stjórnarmenn bekkingarsetursins ekki kjörgengir í hópinn. Vísindaráð skal skipað virkum vísinda-mönnum, innlendum og/eða erlendum á sviði sem tengist sérsviðum bekkingarsetursins. Hlutverk vísindaráðs er að vera ráðgefandi fyrir stjórn varðandi stefnumörkun á sviði vísindarannsókna og jafnframt að vera ráðgefandi varðandi framkvæmd og leiðir í vísindastefnu bekkingarsetursins. Vísindaráð skiptir með sér verkum og velur sér formann. Vísindaráð fundar einu sinni eða tvisvar á ári og heldur fundargerðir. Framkvæmdastjóri undirbýr fundi í samráði við formann ráðsins og situr þá.

9. gr.

Þátttaka í rannsókna- og þróunarfyrirtækjum

Bekkingarsetrinu er heimilt að taka þátt í rannsókna- og þróunarfyrirtækjum í því skyni að efla nýsköpun í atvinnulífi á svæðinu, enda sé um að ræða hlutafélög, sjálfseignar-stofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð sem stunda framleiðslu og sölu í því skyni að miðla, þróa og hagnýta niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna sem bekkingarsetrið vinnur að hverju sinni. Framlag bekkingarsetursins til þessara félaga er að öllu jöfnu í formi sérfræðivinnu eða þekkingar sem hægt er að breyta í hlutafé. Samþykki 2/3 atkvæða á stjórnarfundum þarf til að samþykkja slíka aðild.

10. gr.

Ársfundur

Ársfundur bekkingarsetursins skal haldinn fyrir lok maí. Ársfundinn skal boðaður með tryggilegum hætti og að lágmarki með tveggja vikna fyrirvara. Dagskrá ársfundar skal vera eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla reikninga.
3. Kosning stjórnar og endurskoðenda.
4. Þóknun til stjórnarmanna.
5. Tillögur um breytingar á samþykktum.
6. Starfs- og rekstraráætlun yfirstandandi árs.
7. Önnur mál.

Á ársfundi bekkingarsetursins eiga rétt til setu, fulltrúar stofnaðila og þeirra sem síðar gerast aðilar og fer hver þeirra með eitt atkvæði. Þá eiga forstöðumenn stofnana og fyrirtækja sem starfa innan bekkingarsetursins og fulltrúar í ráðum og nefndum á vegum þess, rétt til setu á ársfundi með málfrelsi og tillögurétti.

11. gr.

Reikningsár

Reikningsár þekkingarsetursins er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 15. apríl eftir lok síðasta reikningsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Senda skal endurskoðaða reikninga til Ríkisendurskoðunar að loknum ársfundi verði þess óskað.

12. gr.

Breyting samþykkt, slit félags og úrsögn

Samþykktum þessum má aðeins breyta á ársfundi þekkingarseturs Vestmannaeyja ses. með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst 2/3 hluta þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir.

Þekkingarsetri Vestmannaeyja ses. verður aðeins slitið eða það sameinað annarri stofnun með ákvörðun á ársfundi skv. 36. gr. laga nr. 33/1999 eða á sérstökum fundi stofnaðila. Verði starfsemi þekkingarseturs Vestmannaeyja ses. Hætt og það lagt niður skal eignum þess varið til eflingar háskóla- og rannsóknastarfsemi í Vestmannaeyjum.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara ná ekki til um hvernig skuli með farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Samþykkt á stofnfundi þekkingarseturs Vestmannaeyja 23. janúar 2008.

